



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122/1962
komudagur 22.4.198

Reykjavík 21. apríl 1998
GE/ibv

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn borgarlögmans, dags. í dag, um frumvarp til áfengisлага sem allsherjarnefnd Alþingis sendi Reykjavíkurborg til umsagnar í bréfi 25. mars sl.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Afrit:
Borgarlögmaður



Reykjavík, 21. apríl 1998
HBK/ás

Til borgarráðs.


Óskað hefur verið umsagnar minnar um frumvarp til áfengislaga sem allsherjarnefnd Alþingis sendi Reykjavíkurborg til umsagnar í bréfi 25. mars s.l.

Meginbreytingin, nái frumvarpið fram að ganga, er að leyfisveitingar til áfengisveitinga á veitingastað verða á vegum sveitarstjórnar en samkvæmt gildandi lögum er það lögreglustjóri sem veitir slíkt leyfi að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Ekki er gerð athugasemd við þá breyttu málsmeðferð sem frumvarpið gerir ráð fyrir, enda komi lögreglustjóri að leyfisveitingu með þeim hætti sem að neðan greinir.

Samkvæmt 14. gr. frumvarpsins skal sveitarstjórn, áður en hún veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað, afla umsagnar heilbrigðisnefndar og leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnda. Lagt er til að sú breyting verði gerð á 14. gr. frumvarpsins að lögreglustjóri verði jafnframt umsagnaraðili áður en sveitarstjórn veitir leyfið. Lögregluþyrirvöld kunna að búa yfir mikilvægum upplýsingum um umsækjendur og til lögreglunnar berast fyrst og fremst athugasemdir vegna ónáðis frá veitingastöðum og lögreglustjóri getur, samkvæmt 25. gr. frumvarpsins, jafnt sem sveitarstjórn, veitt áminningu vegna leyfa sem gefin eru út af sveitarstjórn.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins ákveður sveitarstjórn m.a. heimilan veitingatíma. Skilja verður þessa setningu þannig að veitingatími sé alfarið ákvörðunaratriði sveitarstjórnar sem geti t.d. ákveðið misjafnan veitingatíma eftir aðstæðum hverju sinni. Hins vegar er dregið úr þessu ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar í síðustu málsgrein greinarinnar þar sem kveðið er á um að dómsmálaráðherra setji m.a. í reglugerð ákvæði um veitingatíma. Sýnilegt ósamræmi er hér á ferðinni.

Samkvæmt síðustu málsgrein 14. gr. setur dómsmálaráðherra í reglugerð nánari reglur um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, útgáfu leyfa, flokkun veitingastaða, húsnæði og búnað og eftirlit með starfsemi leyfishafa. Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengis- og vímuevarnaráðs og Sambands veitinga- og gistiúsa. Frumvarpið gerir, eins og áður er fram komið, ráð fyrir að leyfisveitingar til áfengisveitinga á veitingastað verði fyrst og fremst sveitarstjórnarmál. Nauðsynlegt er að borgaryfirvöldum gefist kostur á að koma að samningu þessarar reglugerðar en í Reykjavík eru lang flestir veitingastaðir og borgaryfirvöld hafa þegar sett fram hugmyndir um breyttan og lengdan veitingatíma. Þá er nauðsynlegt að í frumvarpið verði sett ákvæði er heimili að í reglugerð verði kveðið á um gjaldtöku vegna leyfisveitinga og eftirlits með veitingastöðum.


Hjörleifur B. Kvaran